

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 700.00.
2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 700.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Söluskattur 20% auk 13% verðjöfnunargjalds, samtals 33%, eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar, nema á taxta 41.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi nú þegar sbr. og auglýsingu nr. 67 11. apríl 1975 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er eldri gjaldskrá, nr. 43 3. febrúar 1975 úr gildi felld.

Iðnaðarráðuneytið, 29. maí 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 250.

21. maí 1975.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Hildarsjóð við Kvennaskólann í Reykjavík, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. maí 1975. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Hildarsjóð við Kvennaskólann í Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Hildarsjóður.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Hildi Ólafsdóttur, sem fæddist 3. apríl 1949 og dó af slysförum í Kópavogi 24. janúar 1963.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er það fé sem safnað var í Kvennaskólanum meðal skólasystra og kennara Hildar dánarárið, kr. 32 000.00 það fé sem safnað var meðal skólasystra vorið 1975, kr. 70 000.00 ásamt gjöf foreldra Hildar kr. 10 000.00. Tekjur sjóðsins eru vextir af innstæðufé hans og gjafir, sem honum kunna að berast.

4. gr.

Stofna skal við skólann hljómplötusafn og nefnist það Hildarsafn. Hildarsafn er útlánssafn til afnota fyrir nemendur skólans. Úr Hildarsjóði skal á árinu 1975 verja 50 þúsund krónum til stofnunar Hildarsafns. Síðan er sjóðsstjórn heimilt að verja árlega til safnsins öllum vaxtatekjum sjóðsins og allt að 30% af innstæðufé hans í árshyrjun. Þó má höfuðstóll sjóðsins aldrei verða lægri en 32 þúsund krónum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Skólastjóri og tónlistarkennari skólans og ein kona úr hópi bekkjarsystra Hildar, sem þær sjálfar tilnefna. Stjórnin annast fjárreiður sjóðsins og ákveður, hversu miklu af fé sjóðsins skuli ráðstafa til Hildarsafns á hverju ári, sbr. 4. gr.

6. gr.

Stjórn nemendafélags Kvennaskólans, Keðjunnar, tilnefni árlega 3 nemendur í plötunefnd, og skal ein þeirra stunda tónlistarnám. Plötunefnd setur Hildarsafni útlánsreglur, skrásetur það, sér um rekstur þess og heldur skrá yfir útlán, innheimtur og afföll. Hún annast og innkaup til safnsins í samráði við tónlistarkennara skólans. Við val á hljómplötum skal leggja áherslu á sígilda tónlist, en einnig annað vandað efni, t. d. leikrit eða upplestur og vandaða tónlist í þjóðlagastíl.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 21. maí 1975.

F. h. nemenda útskrifaðra frá Kvennaskólanum í Reykjavík 1965.

Soffía Ákadóttir.

Þorbjörg Kristvinsdóttir.

23. maí 1975.

Nr. 251.

AUGLÝSING

um breytingu á verði lyfja samkvæmt Lyfjaverðskrá I frá 10. júlí 1973.

Frá og með 26. maí 1975 tekur gildi breyting á verði lyfja samkvæmt Lyfjaverðskrá I frá 10. júlí 1973.

Samkvæmt því skal leggja 26,8% á verð samkvæmt verðskránni og fellur þá jafnframt niður 23,7% álag, sem heimilað var með auglýsingu ráðuneytis dags. 28. febrúar 1975.

Heildsöluálagning á lyfjaefni verður 14,8% og smásöluálagning 85,5% frá sama tíma. Vinnugjöld verða óbreytt.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. maí 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Almar Grimsson.

23. maí 1975.

Nr. 252.

AUGLÝSING

um breytingu á verði lyfja samkvæmt Lyfjaverðskrá II, frá 1. febrúar 1975.

Frá og með 26. maí 1975 tekur gildi breyting á Lyfjaverðskrá II frá 1. febrúar 1975. Samkvæmt því hækka útsöluverð lyfja eins og það er greint í skránni um 22,4%. Jafnframt fellur niður 15,5% álag, sem tók gildi 1. mars 1975. Afhendingargjald verður óbreytt.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. maí 1975.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Almar Grimsson.